

**Nd.**

**118. Frumvarp**

til laga um innheimtu útsvara í Reykjavík.

Flutningsm.: Jón Ólafsson, Héðinn Valdimarsson, Magnús Jónsson,  
Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Gjalddagi útsvara eftir aðalniðurjöfnun í Reykjavík skal vera hinn fyrsti virkur dagur mánaðanna júní, júlí, ágúst, september og október, og fellur  $\frac{1}{5}$  hluti hvers útsvars í gjalddaga um hver þessara mánaðamóta.

## 2. gr.

Dráttarvextir af hverjum þeim hluta útsvara, sem ekki er greiddur í síðasta lagi mánuði eftir gjalddaga, skulu vera 1 af hundraði á mánuði, talið frá gjalddaga og þar til greitt er.

## 3. gr.

Þegar liðinn er hálfur mánuður frá gjalddaga, má taka hvern þann hluta útsvara, sem í gjalddaga er fallinn, lögtaki, enda er engrar sérstakrar birtingar fyrir skuldunautum eða opinberrar auglýsingar þörf.

## 4. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar jafnskjótt sem þau hafa öðlazzt staðfestingu konungs.

## Greinargerð.

Vegna treglegrar greiðslu á útsvörum í Reykjavík er þetta frumvarp komið fram. Er það flutt samkvæmt beiðni bæjarstjórnar Reykjavíkur. Þykir sennilegt, að innheimtan myndi ganga greiðlegar, ef gjalddagar væru fleiri en nú er. Vegna þess að útsvörin eru deilanleg með tölunni 5, þykir hentast að hafa gjalddagana fimm.

Dráttarvextir voru ákveðnir 1% á mánuði með lögum nr. 36/1924. Virtist sú ráðstöfun mjög flýta innheimtu, því að þá töldu þeir sér hentast að greiða fljótt, sem þess áttu kost. En dráttarvextir voru aftur lækkaðir með lögum nr. 46/1926 niður í ½% á mánuði. Eru það sýnu lægri vextir en menn verða að greiða af lánsfé til bankanna, og þykir því mörgum beinlínis hagur að því að draga útsvarsgreiðslur, enda þótt þeir verði að greiða ½% á mánuði eða 6% á ári.

Auglýsing sú í blöðum, sem nú skal birta áður en lögtak megi fram fara, virðist hér í Reykjavík vera allþýðingarlítil, og er því farið fram á það, að henni megi sleppa.